

4 Ungir forystumenn

Síðasta vor tóku tveir menn um þrítugt við formennsku í tveimur af stærstu stéttarfélagunum innan ASÍ. Þetta eru þeir Stefán Einar Stefánsson formaður VR og Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður Rafiðnaðarsambandsins.

6 Með þvertopp í bjöllubuxum

Fyrsti maí og ég var mætt með hippunum. Fékk að röлта með stóru systur undir Fylkingarfána. Tólf ára í úlpu frá Sölufélagi varnarliðseigna með heimaklipptan þvertopp í bjöllubuxum.

8 Græn framtíð

Uppbygging græns hagkerfis gerir ekki það tilkall til Íslendinga að þeir afsali sér lífsgæðum. Þvert á móti felur grænt hagkerfi í sér aukin lífsgæði í bráð og lengd.



I. tölublað · 61 árgangur · Vor 2012

VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



Tjaldstæði í Miðhúsaskógi



Nýtt og glæsilegt tjaldstæði VR í Miðhúsaskógi

Í sumar opnar VR nýtt og glæsilegt tjaldstæði á orlofs-
húsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð.
Á svæðinu er frábær aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og
tjald- og fellihýsi.

Hlökkum til að sjá þig í sumar!

- Afþreying fyrir alla fjölskylduna
- Aparóla
- Uppblásið trampólín
- Frisbígolfvöllur
- Míníolf
- Skemmtilegar gönguleiðir í fallegu umhverfi
- Frábær aðstaða
- Vel búið þjónustuhús
- Þægileg grillaðstaða
- Góð aðstaða fyrir uppvask
- Salerni og þvottavél
- Öflugt eftirlit og öryggisvarsla
- Pláss fyrir 40–50 ferðavagna

Vinna er velferð



hélendi vinnunni væru líkur á persónulegu efnahagshruni takmarkaðar þó efnahagslíf þjóðarinnar væri í lægð. ASÍ hefur komið fram með ýmsar hugmyndir í þessu sambandi. Ein var að fá lífeyrissjóði til að fjármagna samfélagslega mikilvægar og hagkvæmar framkvæmdir þar sem litið yrði til óhefðbundinna fjármögnunarleiða sem ekki myndu íþyngja ríkissjóði. Það voru mikil vonbrigði að stjórnarflokkarnir skyldu nálgast hugmyndir um einkaframkvæmdir með gamaldags viðhorfum. Afleiðingin er sú að mun minna hefur orðið úr framkvæmdum t.d. í vega- og jarðgangnagerð en vonir okkar stóðu til.

atvinnuleitendum til boða. Þannig nýttist tíminn í atvinnuleit til uppbyggingar og líkurnar á að komast aftur til vinnu aukast. Á þessu sviði hefur náðst mikill árangur og til að mynda tókst ASÍ í kjarasamningum fyrir einu ári að sjöfalda þá upphæð sem fer til menntunar- og virkniurræða fyrir atvinnuleitendur. Og það verður haldið áfram á sömu braut því að nú í byrjun maí fer í gang tilraunaverkefni þar sem þjónusta við atvinnuleitendur verður færð nær stéttarfélagunum þegar nokkur þeirra taka að sér þjónustu við atvinnuleitendur sem hefur verið í höndum Vinnamálastofnunar. Markmiðið með verkefninu er að efla vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónustu við atvinnuleitendur með því að nýta tengslanet hreyfingarinnar við atvinnulíf og auka þannig líkurnar á því að fólk finni nýtt starf.

Ég óska launafólki um allt land til hamingju með daginn. 1. maí er baráttudagur launafólks og verkalýðshreyfingarinnar allrar. Á þessum degi er hollt að rifja upp elju þess mikla fjölda karla og kvenna sem um árabíl háði harða baráttu fyrir þeim réttindum á vinnumarkaði sem okkur finnst sjálfsgöð í dag. Við njótum ósérhlífinnar baráttu þessa fólks í dag.

Tillaga stjórnarflokkanna að Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða er sama merki brennd. Hún er forsenda fyrir því að hægt sé að gera áætlanir um uppbyggingu orkufrekrar en umhverfsvænnar atvinnustarfssemi. Eftir að mikil og góð vinna hafði verið lögð í verkið var dapurlegt að sjá málið þynnast út í bakherbergjum stjórnarflokkanna með niðurstöðu sem er ekki í samræmi við þá faglegu vinnu sem áður hafði verið unnin.

Ísland er land tækifæra. Hér er mikill mannauður og auðlindir af náttúrunnar hendi. Við höfum hugvitið, hrein matvæli til lands og sjávar, endurnýjanlega orku og land sem er eftirsóknarvert að heimsækja. Hér eru því allar forsendur til að fjölga störfum verulega á næstu árum. En þá verða stjórnvöld og atvinnulíf að hafa kjark til að nýta af skynsemi og hógværd þær auðlindir sem við eigum. Þau verða að hafa kjark til að fara nýjar leiðir þegar kemur að fjármögnun samfélagslegra hagkvæmra framkvæmda. Til að innviðir samfélagsins styrkist og það öryggisnet þéttist sem við viljum hafa, verðum við Íslendingar að nýta allar vinnufærar hendur. Það er velferð einstaklingsins að hafa vinnu til að sjá sér og sínum farborða. Eins er það vinna einstaklinganna sem er forsenda uppbyggingar samfélagsins sem við lifum í.

Á fjórða ár er nú liðið frá hruni bankanna. Þó ástandið hafi batnað töluvert frá þessum manngerðu hamförum er fjöldi fólks enn í miklum erfiðleikum. Greiðslu- og skuldavandi liggur þungt á mörgum heimilum. Þó margt hafi verið gert til að greiða úr skuldavandanum þá skiptir í þessu erfiða árferði mestu að hafa vinnu. Tæplega tólf þúsund Íslendingar eru í þeirri stöðu í dag að hafa ekki atvinnu. Við atvinnumissi hrynja eðlilegir afkomumöguleikar, félagsleg tengsl rofna og sjálfmynd einstaklingsins skaðast. Ofan á þessar persónulegu hremmingar bætist að samfélagið fær ekki notið hæfileika og kunnáttu fjölda einstaklinga.

Bankarnir hafa tekið sér alltof langan tíma að koma með kröftugri hætti að endurskipulagningu á skuldum heimila og fyrirtækja. Þessi seinangangur hefur orðið til þess að heimilin sem kaupendur og fyrirtækin sem framleiðendur eru lengur en ella að koma sér upp úr öldudalnum. Við erum því enn að glíma við sama vandann í atvinnumálum og frá því skömmu eftir hrun. Hér hefur engin fjölgun orðið á störfum frá 1. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs 2012.

ASÍ hefur lagt mikla áherslu á það við stjórnvöld að þrátt fyrir erfiða stöðu ríkissjóðs væri brýnasta verkefnið að halda atvinnustiginu uppi. Með því að fólk

Alþýðusambandið hefur barist fyrir því frá upphafi kreppunnar að fjárfest væri í því fólk sem misst hefur vinnuna. Það er best gert með því að efla þau menntunar- og starfsþjálfunurræði sem standa

Vinna er velferð!

VINNAN · 1. TÖLUBLAÐ · 61. ÁRGANGUR

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason · Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot: Tómas Bolli Halþórsson · Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumynd: Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður Rafiðnaðarsambandsins (tv) og Stefán Einar Stefánsson formaður VR.

Ljósmyndir: Lárus Karl Ingason, Þórhallur Jónsson, Ljósmyndasafn Íslandsþjóðskjalasafn Íslands, Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar, Myndasafn ASÍ.



Lykilatriði að auka kaupmátt

– segja tveir ungir verkalyðsforingjar þeir Stefán Einar hjá VR og Kristján Þórður hjá RSÍ

Vorið 2011 urðu formannskipti í tveimur af stærstu félögunum innan ASÍ. Stefán Einar Stefánsson tók við forystu í VR sem er fjölmennasta stéttarfélag landsins og skömmu síðar var Kristján Þórður Snæbjarnarson kjörinn formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Tvímenningarnir eru báðir um þritugt og takast nú á við ögrandi starf verkalyðsforingjans. En hvernig skyldi þetta fyrsta ár á formannsstóli hafa gengið?

KPS: „Þetta fyrsta ár hefur gengið ótrúlega vel, það hafa verið mjög miklar annir enda kom ég beint inn í kjaraviðræðurnar sem voru í gangi fyrri hluta síðasta árs og enduðu með undirritun heildarkjarasamning þann 5. maí. Þá hófst vinna við gerð annarra samninga en RSÍ gerir hátt í 30 mismunandi kjarasamninga en sumir þeirra eru í samvinnu við önnur félög. Þessi vinna var í gangi nánast út árið 2011. Ég hef unnið að félagsmálum frá 2004 og þekkti því nokkuð til þess sem felst í starfinu en umfang þess er þó töluvert meira en við fyrstu sýn. Að vera formaður í svona öflugum félagi er virkilega gefandi starf enda hittir maður fjölmarga félagsmenn dags daglega, þó svo viðfangs-



efnin séu sjaldnast auðveld viðureignar.“

Stefán Einar tekur undir með félag sínum hjá Rafiðnaðarsambandinu. „Það hefur sannarlega verið margt sem maður hefur þurft að setja sig inn í. Það hefur hins vegar verið ánægjuleg reynsla vegna þess hversu öflugt og reynslumikið fólk er starfandi á vettvangi hreyfingarinnar. Þetta hefur hins vegar allt gengið mjög vel og það blása fyrst og fremst jákvæðir vindar um VR og Landssamband íslenskra verzlunamanna þessa dagana.“

FLEIRA MIKILVÆGT EN HREIN OG KLÁR LAUNABARÁTTA

Hvert er brýnasta baráttumál ykkar félags í dag?

KPS: „Stéttarfélög eiga alltaf að berjast fyrir bættum kjörum launafólks og standa vörð um þau réttindi sem samið hefur verið um á fyrri tímum. Sú stefna sem mörkuð hefur verið innan RSÍ og var eitt mikilvægasta atriðið í síðustu kjarasamningum var að auka kaupmátt launa. Það skiptir okkur miklu máli að þegar laun hækka að þú fái meira fyrir þau, það dugir ekki eitt og sér að hækka launin ef verðbólgan hækkar jafn mikið eða jafnvel meira.“

SES: „Ég tek undir með Kristjáni Þórði að án efa skiptir mestu að auka kaupmáttinn að nýju. Við verðum að leita margþættra leiða til þess, ekki síst vegna þess hversu byrðarnar á fólkinu okkar eru margþætta og ósanngjarnar oft og tíðum eins og staðan er núna. Þá hefur VR alla tíð lagt mikla áherslu á jafnréttisbaráttuna og ég mun ekki láta mitt eftir liggja í því á komandi misserum.“

KPS: „Ef ég má bæta við öðru sem er okkur rafiðnarmönnum hugleikið þá má nefna



menntamálin. Það eru fáar greinar sem þurfa að endurmennta sig jafn ört og okkar hópur en tækniþróun er mjög mikil í rafiðnaði eins og fólk tekur eflaust eftir. Við látum grunnmenntun rafiðnaðarmanna okkur varða sem og eftirmenntunina. Þá eru lífeyrismál okkar félagsmönnum mikilvæg enda eiga flestir þeirra mikil réttindi í lífeyrissjóðum. Það er þjóðfélaginu öllu mikilvægt að þegar við komumst á þann aldur að þurfa að hætta að vinna að við getum lifað góðu lífi. Því er mikilvægt að standa vörð um þær eignir sem okkar félagsmenn eiga í lífeyrissjóðum.“

ASÍ-UNG var stofnað á síðasta ári sem vettvangur fyrir ungt fólk innan verkalyðshreyfingarinnar. Þið eruð báðir ungir en orðnir formenn í ykkar félögum. Eruð þið undantekning eða lætur ungt fólk mál stéttarfélaga til sín taka?

SES: „Því miður er almennur áhugi á starfi stéttarfélaganna alltof lítill. Það á bæði við um unga fólk sem og aðra. Hins vegar held ég að unga fólk sé að átta sig á mikilvægi samtryggingar og samstöðu. Við erum búin að fá nóg af „sundurlyndisfjandanum“



svo vitnað sé í þjóðskáldið. ASÍ-UNG er vettvangur til þess að berjast gegn honum en eflaust þarf að útfæra starf þess með nákvæmari og skýrari hætti og jafnvel að gefa því meira vægi innan ASÍ.“

KPS: „Félagsleg virkni innan RSÍ hefur ætíð verið mikil. Félag nema í rafíðnaði var starfrækt til fjölda ára en félagsmenn gátu þeir orðið sem stunduðu nám við rafíðngreinar. Á síðasta ári var búinn til vettvangur, RSÍ-UNG, fyrir alla félagsmenn á aldrinum 18 – 35 ára sem vilja vera virkir í félagsmálum. Ég tel að ungt fólk eigi eftir að láta til sín taka í auknum mæli enda er stöðug þörf fyrir endurnýjun í félagasamtökum sem þessum.“

BREYTTUR VINNUMARKAÐUR EN BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM

Hafa stéttarfélög sama vægi í dag og áður fyrr þegar barist var fyrir grundvallarréttindum launafólks?

SES: „Þau hafa mikið vægi þó verkefnið hafi breyst og þau grundvallarmál sem barist er um í dag séu á margan hátt ólík þeim sem

áður var tekist á um. Hins vegar er þetta barátta sem aldrei tekur enda og nýjar áskoranir og nýjar ógnir gagnvart vinnandi fólki eru alltaf að koma upp. Við þeim verður að bregðast. Vopnin sem við beitum í baráttunni í dag eru af öðrum toga en fyrir 30-40 árum en það er eðlilegt að þau fylgi þróun samfélagsins og taki breytingum eftir því.“

KPS: „Ég er sammála Stefáni Einari í því að vinnumarkaðurinn hefur breyst töluvert á síðustu áratugum og stéttarfélögin einnig. Áður fyrr var barist fyrir grundvallarréttindum fólks og grunnur að kjarasamningum eins og þeir líta út í dag var byggður upp. Þrátt fyrir góðan grunn þá þurfa stéttarfélög alltaf að berjast fyrir auknum kaupmætti síns fólks. Stöðugt verðlag er grundvöllur fyrir því að hægt sé að auka kaupmátt launa. Við verðum þess vegna að fá stöðugan gjaldmiðil. Þá finnst mér mikilvægt að vaxtastig á Íslandi verði sambærilegt því sem gerist í nágrannalöndum hvort sem um er að ræða verðtryggð eða óverðtryggð lán. Vægi stéttarfélaga á eftir að aukast á komandi árum en þar skiptir samstaða félagsmanna mestu máli enda er það fólkið í

félögunum sem mótar stefnu þeirra.“

Hvernig viljið þið sjá verkalýðsbaráttuna þróast í framtíðinni?

KPS: „Mitt mat er að hún eigi eftir að þróast út í enn meiri hörku aftur. Við sem þjóð þurfum að horfa fram á veginn og gera upp við okkur hvernig við ætlum að reka þetta þjóðfélag. Það er bráðnaðsynlegt fyrir okkur að ná fram efnahagslegum stöðugleika sem hægt er að byggja á. Ég tel að verkalýðsbaráttan eigi eftir að mótast verulega mikið af því hvaða leið við munum fara í þessum málum. Það er nefnilega tvennt ólíkt að berjast fyrir bættum kjörum við stöðugleika eða óstjórn.“

SES: „Við þurfum sífellt að viðhalda meðvitund fólks um mikilvægi samstöðu og samtryggingar. Þann skilning verðum við að tryggja sem víðast í samfélaginu. Sú barátta verður að ganga þvert á flokka og afstöðu til einstakra manna eða málefna. Stór þáttur í þessu felur í sér aukna upplýsingagjöf til almennra félagsmanna, svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka upplýsta afstöðu til þeirra átakamála sem uppi eru á hverjum tíma.“

Minning og málsstaður

Minningar eru sóttar inn í heitan og þokukenndan afkima. Þær hreyfa sig hægt, líða hjá í óreiðukenndri svipmyndasyrpu. Ef þær eiga sér liti þá eru þeir kannski rauðleitir eins og í hitamóðu á indíánasumri. Í móðunni eru svipir löngu liðins fólks. Söknuður hjúpar minningarnar. Ýmist sár eða sætur söknuður. Stundum allt í senn.

Þarna bregður fyrir kunnuglegum ilmi og nýjar skyndimyndir skriða hjá. Einhverjum myndum nær ég. Gríp þær á milli lófa eins og feitar fiskiflugur. Öðrum missi ég af. Á þessu háalofti hugans liggja slagorð á víð og dreif. Þú sem ert á himni. Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Ísland úr Nató. Herinn burt. Friður, jarðnæði, brauð.

Það slær fyrir vitin fnyk af díselolíu. How many roads must a man walk down? bergmálar í fjarska. Ennþá brennur mér í muna. Appelsínugult veggfóður með fjólubláum hringjum þyrlast eftir gangi. Reykelsi. Love will keep us together, söngla kapteinninn og Tennille. Túberað hár og batik. Oh, Lord, won't you buy me a Mercedes Benz? Krulluhaus og hermannaúlpa vaggja þar hjá. Madame Rochas liðast upp úr veski ömmu minnar. Rauðir sokkar bærast á snúrum. Afi er með hatt og staf.

Það gæti svo sem hafa verið árið 1975. Ártölin þyrlast upp svo tölustafirnir týna hver öðrum, falla ringlaðir til jarðar og skriða örmagna um á háaloftinu í leit að einingu.

MEÐ HEIMAKLIPPTAN ÞVERTOPP Í BJÖLLUBUXUM

Ekki margir mættir úr Garðahreppi þennan dag. Kannski Hallgrímur yfirkennari og Hilmar stærðfræðikennari úr Gagganum. Að minnsta kosti voru fáir í Víflsstaðavagninum á leið í kröfugöngu.



Fyrsti maí og ég var mætt með hippunum. Fékk að röltu með stóru systur undir Fylkingarfána. Tólf ára í úlpu frá Sölufélagi varnarliðseigna með heimaklipptan þvertopp í bjöllubuxum. Þeir sungu dagana langa með James Taylor, Carol King, Janis Joplin og Dylan. Samstaðan hríslaðist um mig eins og raf-

straumur. Í henni felst mátturinn og dýrðin.

Ég var mætt með fólki með hlutverk og hugsjónir. Þeir þrömmuðu þarna, menntskælingarnir, sem höfðu uppgötvað sannleikann og valið að standa með öreigum gegn auðvaldi. Líklega skyldi ég



ekki til fulls kröfuna stóru, en ég fann fyrir henni - risavaxinni og þrúgandi. Fann fyrir einhverju óskilgreindu óréttlæti heimsins sem mannfjöldinn rogaðist með á milli sín niður Laugavegin.

Og áfram stikuðum við í taktföstum trommu-slætti. Þjóðlið var upp risið og ég skipaði mér í sveit, lúðrasveit, hélt mig nálægt gleðinni sem fleytti stemmningunni niður Bankastrætið. Mér fannst eitthvað liggja í loftinu. Eftirvænting, umbrot, bylting. Eitthvað hlyti að gerast. Það gerist alltaf eitthvað.

Þarna var fólk sem krafði auðvaldið og yfirvaldið um réttlætið sjálft. Jakinn þrumaði tröllslega á Lækjartorgi. Röddin var fjallsterk og skall sem ólgandi brim á mannfjöldanum. Sannfæringarkrafturinn vafði sig utan um hópinn, umlukti hann sem heklud á breiða. Samstaða er stórt ullarteppi. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hélt kannski ræðu - kannski ekki. En hún er tignarleg svipmynd. Rám og dökk röddin eflir og veitir öryggi þar sem hún ómar úr afkima háaloftsins. Sterka nærveran og konur á rauðum sokkum skipulögðu byltingu. Það var dögum á öld Vatnsberans.

ÓVÆGIN BARÁTTA ALPÝÐUFÓLKIS

Það gæti hafa verið árið 1975. Að minnsta kosti var það daginn áður en verkalýðurinn fékk frí. Hríðin lamdi bíl föður míns þar sem hann silaðist eftir þjóðveginum, inn fjörðinn eftir snarbrattri hljóðinni. Ferðin gekk hægt. Út undan sér sá ökumaðurinn tvo fiskibáta berjast við úfynn sjóinn á leið til hafnar. Hafid kastaði bátum á öldutoppum - ofureflið sem leikur sér að lítilmagnanum.

Bílstjórinn fylgdist með bátunum og gætti þess um leið að fylgja stikum og halda



veginum. Ferðalangar þreyttu sína för. Bátar til hafnar og bílstjóri inn í þorp til næturhvíldar. Augun hvörfluðu út á úfynn sjó, en þá var annar báturinn horfinn. Hríðin var dimm. Ferðalangur náði inn í þorp. Skyggni vart á milli húsa. Björgunarsveitin var að ferðbúast. Öldurótið hafði framið sinn svarta galdur. Sjórekin lík skipverja fundust þá um nóttina. Þannig gekk fridagur verkalýðsins í garð í þessu sjávarþorpi. Eins og svo oft var barátta alpýðufólks við ofureflið óvægin.

Og ártölin þeytast um í tímans vindi. Ég hélt áfram að ganga á eftir lúðrasveitinni og syngja með. Stundum skröpaði ég og horfði á kröfuhafið renna niður í miðbæinn í kvöldfréttum sjónvarps. Máttarstólpar samfélagsins fóru í fylkingu niður Laugaveg. Lykilfólkið sem snýr hjólum atvinnulífsins með handafli, hugviti og oftlega hjartagæsku.

DÝRKEYPT FRELSI

Það gustar ónotalega um nýlegri minningu á háaloftinu. Minningin sem er martröð. Hún er hrá og hryssingsleg og veifar úr

sportbíl. Kuldakrumla læsir sig um hjartarót. Krafan um frelsi, jafnrétti og bræðralag er læst inni í exelskjali.

Sérsvaitir verðmætaskapara himins og jarðar æddu um stræti og torg. Þeir bjuggu til vín úr vatni og gull úr ull. Þeir færðu til ósýnilega peninga, hratt og endalaust þar til þeir urðu sýnilegir, bólgnuðu út og urðu að peningafjöllum sem risu í nýju landslagi skýjakljúfa og draumakastala.

Á þessum óraunveruleikum var fyrsti maí um stund hjáróma útihátið ósamstíga undirverktaka í kulda og trekki. Hæðnisbros mættu jafnréttisbergmáli fortíðar. Bræðralag var myndað í reykfylltum bakherbergjum. Frelsið var algjört og dýrkeypt.

Við rótum í gömlum minningum. Eitthvað er rusl sem verður að brenna. Annað má endurnýta. Í veski, bakpoka og vasa á ferð niður Laugaveg leynist ef til vill trú á heiðarleika, von um samstöðu og kærleikur sem skapar mannvænt samfélag og breiðist yfir baráttudaga framtíðar.



Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig
- Sterkari saman!

Sæturni 1 • 105 - Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501 • www.efling.is



- stendur með þér



Skúli Helgason alþingismaður ræðir nýja hugsun í atvinnumálum

Grænt hagkerfi – tálsýn eða raunhæfur möguleiki?

Græn gildi hafa orðið meira áberandi í atvinnustefnu ASÍ að undanförunu. Í ályktun um atvinnumál á ársfundi ASÍ 2010 var hvatt til að „ASÍ hafi forystu um sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýtingu gæða á sjálfbæran hátt.“ Í mars á þessu ári ályktaði miðstjórn Alþýðusambandsins um atvinnumál og þar kvað við sama tón. „Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem landsmenn búa að í forni vatnsorku og jarðhita til að byggja upp fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf með aukna áherslu á græn störf.“

Alþingi samþykkti nú í mars þingsályktunartillögu um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi með 43 samhljóða atkvæðum þingmanna úr öllum flokkum. Í greinagerð með tillöggunni er gerð tilraun til að lýsa því hvað grænt hagkerfi er.

„Í grænu hagkerfi einkennist ákvarðanatáka af virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérstöðu. Í grænu hagkerfi verða til ný og uppbyggileg störf um leið og lífsskilyrði fólks eru bætt, bæði hnattrænt og heimafyrir. Uppbygging græns hagkerfis í anda sjálfbærrar þróunar gerir ekki það tilkall til Íslendinga samtímans að þeir afsali sér lífsgæðum. Þvert á móti felur grænt hagkerfi í sér aukin lífsgæði í bráð og lengd. Grænt hagkerfi er gert til að endast.“

Skúli Helgason alþingismaður var formaður nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins og fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar sem byggði á niðurstöðum nefndarinnar.

Hvers vegna er eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að sveigja í átt að grænu hagkerfi?

„Í fyrsta lagi vegna þess að við þurfum á aukinni fjölbreytni að halda í íslensku atvinnulífi“, segir Skúli. „Einhæfni hefur staðið okkur fyrir þrífum og með því að fjölga stöðum atvinnulífsins aukum



við stöðugleika og drögum úr áhættu á áföllum vegna t.d. skarpra verðlækkana á heimsmarkaði. Í öðru lagi vegna þess að margt bendir til þess að hagvöxtur framtíðarinnar verði byggður á umhverfisvænum lausnum þar með talið endurnýjanlegum orkugjöfum. Í þriðja lagi hef ég trú á því að græna hagkerfið sé vænlegasta leiðin til að skapa jafnvægi milli aukinna fjárfestinga og atvinnusköpunar annars vegar og umhverfis- og náttúruverndar hins vegar. Hér á Íslandi hafa verið mikil átök um virkjanir eða verndun náttúru en í græna hagkerfinu er leið til að brúa þessa gjá þ.e.a.s. skapa vinnu og verðmæti en ganga jafnframt

vel um náttúruna og auðlindir hennar.“

TÍU UMSÓKNIR NÚ TIL MEÐFERÐAR

Nefndu dæmi um það sem gæti flokkast sem græn störf?

„Sú fræðilega skilgreining sem við styðjumst við kemur frá vinnuálagstofu Bandaríkjanna en þar er grænum störfum skipt í tvo flokka. Annars vegar störf við framleiðslu á umhverfisvænum vörum og þjónustu og hins vegar störf sem hafa það að markmiði að gera framleiðsluferla umhverfisvænni í mismunandi atvinnugreinum. Við getum nefnt sem dæmi störf í fyrirtækjum sem

framleiða vistvænt eldsneyti í stað jarðefna-eldsneytis, störf í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í að spara orku í skipaflotanum með tilteknum tæknilausnum og störf í vistvænni hönnun, hvort sem er í byggingargeira eða fatahönnun en þar er m.a. reynt að leita leiða til að draga úr efnisnotkun, meta hvaða samsetning vöru hentar best til endurvinnslu, o.s.frv.“

Aðilar vinnumarkaðarins hafa talað um mikilvægi erlendra fjárfestingar til að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Hafa útlendingar sýnt áhuga á fjárfestingum í grænum atvinnugreinum hér?

„Já sá áhugi fer greinilega vaxandi ef marka má þær umsóknir um ívilnanir vegna nýfjárfestinga sem borist hafa á síðustu mánuðum og misserum. Við samþykktum ný lög um slíkar ívilnanir sumarið 2010 og síðan hafa fjórar umsóknir um fjárfestingarsamninga verið samþykktar og tíu til viðbótar eru nú til meðferðar. Þar er áberandi að fjölbreytnin er að aukast og hlutur ferðapjónustu, skapandi greina og umhverfsvæns iðnaðar fer mjög vaxandi. Það má líka nefna að norrænir fjárfestingarsjóðir hafa látið í það skína að þeir kynnu að hafa áhuga á fjárfestingum í umhverfsvænni atvinnustarfsemi á Íslandi og nú gefst tækifæri til að láta á það reyna ef tillaga okkar um stofnun græns fjárfestingarsjóðs verður að veruleika.“

Eru sóknarfæri í því að markaðssetja Ísland sem grænt hagkerfi?

Skúli segist sannfærður um að svo sé. „Ég bendi á að ein af tillögum okkar felur í sér að efnt verði til fimm ára átaks um að laða til landsins umhverfsvænar fjárfestingar og þar með markaðssetja Ísland sem ákjósanlegan kost fyrir fjárfestingar í grænu hagkerfi. Þar eru tækifærin mörg. Gagnaver, vatnsútflutningur, vistvæn ferðapjónusta, framleiðsla á nýjum orkugjöfum, hreinkísilframleiðsla fyrir sólarorkuiðnað og margt fleira.“

VISTVÆN FARARTÆKI ÞURFA AÐ VERA VALKOSTUR FYRIR ALLA

Þarf ekki ríkið að koma með öflugri hvata til að fólk sjái sér hag í því að aka t.d. um á vistvænni bílum en við gerum í dag?

„Jú en þessi ríkisstjórn hefur þó stigið stór skref í þessa átt, s.s. með afnámi vörugjalda af bílum sem er breytt yfir í metanbíla og nýju frumvarpi um lækun

vsk. á rafbílum og tengiltvinnbílum. Þessi þróun er því farin af stað og ég vil sjá stærri skref stigin í þessum efnunum um leið og svigrúm eykst í ríkisfjármálunum. Rafbílar, metanbílar, tvinnbílar, þurfa að verða raunhæfur valkostur fyrir alla, og til þess þarf að auka umtalsvert hagræna hvata svo það borgi sig fyrir allan almenning að skipta út bensínhákonum fyrir vistvænni ökutæki. Það þarf líka að hvetja til aukinna almenningsgangna, hjólríða o.s.frv. og við leggjum m.a. til að felldir verði niður tollar á reiðhjól og fylgibúnað til samræmis við tollfríðindi annarra farartækja sem ekki losa koltvísýring.“

Er tal um grænt hagkerfi útópía eða eitthvað sem er raunhæfur möguleiki á næstu árum?

„Grænt hagkerfi er enginn loftkastali,

þróunin er þegar hafin og við sjáum græn störf víða í samfélaginu. En það er undir okkur komið hversu hröð þróunin verður og þar geta stjórnvöld gengið á undan með góðu fordæmi. Við viljum beita hagrænum hvötum til að allar atvinnugreinar sjái sér hag í því að verða umhverfsvænni í vinnubrögðum og efnisnotkun. Takmarkið er að við náum að tryggja fjármagn á þessu ári til að auka verulega styrki til grænnar nýsköpunar í gegnum Tækniþróunarsjóð, hrinda í framkvæmd átakinu um að laða til landsins grænar erlendar fjárfestingar og leggja drög að sjóði sem fjárfestir í innlendum grænum fyrirtækjum, helst með þátttöku erlendra fjárfesta. Þá væri græna hagkerfið komið í gang svo um munar og það er það sem við þurfum til að örva atvinnustigið og verðmætasköpunina“, segir Skúli Helgason að lokum.



skr^áðu þitt .is lén

www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is



Svipmyndir úr sögu verkalyðshreyfingarinnar

Saga ASÍ kemur út í haust

Saga Alþýðusambands Íslands kemur út í tveimur bindum í haust en sambandið var stofnað 1916 og fagnar því brátt 100 ára afmælinu. Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur hefur undanfarin fjögur ár unnið að ritun verksins. Áætlaður útgáfudagur er 1. október. Á þessari opnu getur að líta nokkrar svipmyndir úr viðburðarríkri sögu verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi, sögu sem er samofin sögu íslensku þjóðarinnar.

Myndatexti: Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur



«Ottó N Þorláksson og Carolína Simsen


Hjónin Carolína Simsen og Ottó Nóvember Þorláksson komu mjög við sögu á upphafsárum verkalyðshreyfingarinnar. Carolína var fædd í Keflavík árið 1875. Hún gegndi lykilhlutverki við stofnun fyrstu verkakvennafélaganna í landinu. Hún var ein af stofnendum Verkakvennafélagsins Framsóknar og átti þátt í stofnun Framtíðarinnar í Hafnarfirði og Hvatar í Vestmannaeyjum. Hún tók einnig virkan þátt í stjórnámum, fyrst innan Alþýðuflokksins en síðar innan Sósíalistaflokksins.

Ottó var fyrsti forseti ASÍ og einn helsti frumkvöðull við stofnun verkalyðsfélaga hér á landi. Hann var fæddur árið 1871 í Biskupstungum. Hann lauk stýrimannaprófi 1895 en árið áður hafði hann frumkvæði ásamt fleirum að því að stofna Sjómannafélagið Báruna í Reykjavík. Ottó átti mikinn þátt í stofnun ASÍ og vann að gerð stefnuskrár sambandsins ásamt fleirum.

Starfsstúlkur hjá fæðis kaupendafélagi Reykjavíkur»

Með bættum eignum fólks og fyrirtækja var um miðja 20. öld farið að koma upp stórbættari aðstöðu fyrir verkafólk á stærstu vinnustöðum hérlendis, bæði til þess að matast og þrifa sig. Margir höfðu þó ekki aðgang að slíkum munaði. Þetta varð m.a. til þess að stofnað var Fæðis kaupendafélag Reykjavíkur sem hafði það að markmiði að koma upp mötuneyti, þar sem verkafólk sem ekki hafði aðgang að mötuneyti á sínum vinnustað, gæti keypt hollan mat á góðu verði. Starfsemin hófst árið 1946 og var umfangsmikil um nokkurra ára skeið. Fullyrft var að þessi starfsemi hefði haft áhrif á að komið var upp mötuneytum á fleiri vinnustöðum en verið hafði.





«Nýbygging Ísland

Alþýðusambandið fagnaði mjög myndun nýsköpunarstjórnarinnar árið 1944 enda hafði ASÍ mikil áhrif á að ríkisstjórnin varð til. Þátttaka Alþýðusambandsins fólst í nokkurs konar þjóðarsátt á þann hátt að Vinnuveitendafélagið og Alþýðusambandið tjáðu sig reiðubúin til þess að framlengja kjarasamninga að mestu óbreytta næstu misseri. Miklar vonir voru bundnar við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um „nýbyggingu atvinnuveganna“, enda þyrfti framleiðslutækni landsmanna að komast á svipað stig og hjá öðrum þjóðum. Iðnvæðingarstefna og skipulagshyggja var því atvinnustefna Alþýðusambandsins á þessum árum. Þessi mynd, sem er á forsiðu bæklingis sem Sósíalístaflokkurinn gaf út árið 1946, sýnir vel þær hugmyndir sem voru ráðandi á þessum tíma um uppbyggingu íslensks samfélags. Myndin birtir heim karlmanna. Karlmenntan er í fyrirrúmi, þeir áttu að byggja upp samfélagið og framtíðin var fólgin í verksmiðjum og vélvæðingu í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði.

Talkórinn

Þing Alþýðusambandsins voru ekki alvaran tóm. Þingfulltrúar glöddust líka saman. Árið 1936 var t.d. haldið samsæti þar sem boðið var upp á kaffi, ræður voru fluttar og sagðar gamansögur. Þá var sýnd kvikmynd frá 1. maí-hátíðahöldunum, kvenna- og karlakór alþýðu skemmtu með söng og talkór Félags ungra jafnaðarmanna flutti nokkur kvæði. Hér sést talkórinn á einu af þingum sambandsins á fjórða áratugnum. Einkennisbúningurinn vekur athygli.



Þakklát fyrir allt það sem starfið hefur gefið þeim

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Hákon Hákonarson eru skeleggir verkalýðsforingjar á Akureyri. Það sem meira er, þau eru hjón og hafa verið í 44 ár. Börnin eru tvö og barnabörnin fimm. Hún er formaður Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og hann hætti nú síðla vetrar sem formaður Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri eftir 36 ára starf. Hákon fór þó ekki langt, hann er varaformaður félagsins í dag.

En var það tilviljun að þau völdu sér svona tengdan starfsvettvang?

Þetta var nú svo sem engin köllun hjá mér þó ég hafi byrjað snemma að sinna þessum málum segir Hákon. Úlfhildur segist hins vegar hafa alist upp á mjög vinstrisinnuðu heimili og með ríka stéttarvitund. Félagsmál hafi verið henni hugleikin og því átti hún erfitt með að segja nei þegar leitað var til hennar en auk þess að starfa að verkalýðsmálum var hún í bæjarmálapólitík á Akureyri í 12 ár.

ÚR: „Þetta byrjaði allt saman árið 1975. Þá fór ég í hálfstarf í lífeyrissjóðnum Sameiningu og vann auk þess við ræstingar í hlutastarfi hjá Akureyrarbæ. Hákon var alveg frá byrjun okkar sambands á kafi í félagsmálum og þetta sama ár fékk hann boð um að fara sem fulltrúi Íslands í Genfarskólann (skóli rekinn af norrænu verkalýðshreyfingunni), en komst ekki. Við vorum að byggja á þessum tíma. Hann benti á mig og ég var valin til að fara, sem þótti svolítið sérstakt. Að svona ung kona færi frá litlum börnum í svona langan tíma, eða í sex vikur, og með litla reynslu af stéttarfélagsmálum. Fljótlega eftir þetta var ég kosin ritari í stjórn Einingar, en félagið hafði styrkt mig til fararinnar. Jón Helgason formaður þess sagði við mig þegar heim kom að ég yrði bara að gjöra svo vel að og taka sæti í stjórninni.“



HH: „Ég byrjaði í félagsmálum strax í lðnskólánum, bæði í iðnnemafélaginu hér á Akureyri og í lðnnemasambandinu. Þegar ég mætti á minn fyrsta fund hjá félaginu árið 1968, nýbúinn að ljúka sveinsprófinu, var ég kosinn í stjórn og hef verið í henni síðan.“

HITTUST Í SJALLANUM

Úlfhildur segir að leiðir þeirra hafi að sjálfsgöðu legið fyrst saman í Sjallanum og Hákon bætir við að það hafi verið aðal staðurinn á 7. áratugnum. Þau segja að mjög margir Norðlendingar af þeirra kynslóð hafi hitt stóru ástina í Sjallanum, á blómaskeiði hans.

Hefur það litað heimilislífið að þau hafi bæði staðið í stafni í verkalýðsbaráttunni?

HH: Já, auðvitað hefur það gert það. Fjarvistir frá heimili hafa verið miklar þar sem við búum út á landi og það er svo

margt sem þarf að sækja suður yfir heiðar og í raun út um allan heim.

ÚR: Já, við vorum mikið að heiman, en við vorum mjög heppin með aðstæður. Við höfðum marga sem við gátum leitað til, foreldra okkar og frænkur. Það fór mikill tími í þetta og ég verð nú að viðurkenna að mér brá einu sinni þegar ég var að baka og annað barnið mitt sagði við mig „er basar?“. Það er greinilegt að það var ekki venjulegt að ég stæði í bakstri fyrir fjölskylduna, það var víst frekar að gengið væri með kökurnar út af heimilinu. Þannig að það er greinilegt að starfið og reyndar pólitíkin hefur litað heimilislífið í gegnum tíðina.“

Hefur baráttan fyrir réttindum og kjörum ykkar félagsmanna breyst síðan þið hófuð störf?

HH: „Í það stóra tekið eru áherslurnar alltaf svipaðar. Að bæta og verja kjör fólksins í



landinu. Við erum þar í broddi fylkingar, alveg sama hvaða starfsmaður stéttarfélags á í hlut. Baráttan er í eðli sínu alltaf sú sama og oft þarf að verjast, því það er gjarnan sótt að okkur með það sem áunnist hefur. Það sem hefur kannski breyst frá því ég byrjaði í þessu fyrir hálfri öld er að við beitungum nú frekar rökræðunni í samskiptum okkar við viðsemjendur okkar og reynum að tala okkur niður á það hvað er raunhæft að gera til að auka velsæld í landinu. Menn átta sig á því að það eru takmörk fyrir öllu og stundum er betra að taka lítil skref á hverjum tíma sem skila sér e.t.v. betur í vasann þegar til lengri tíma er litið.

ÚR: „Það er komin mun meiri þekking í raðir aðila vinnumarkaðarins. Hagfræðin er komin inn í þetta og menn farnir að nota þau verkfæri sem eru til staðar. Kröfur í dag eru sennilega oft raunhæfari en þær voru á árum áður.“

MIKILVÆGT AÐ HAFNA ÖFLUGT BAKLAND

Eru stéttarfélög eitthvað minna mikilvæg í dag en fyrir 40 árum?

HH: „Nei alls ekki. Þau eru mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr. Framganga okkar ASÍ manna undanfarin mörg ár hafa margsinnis komið í veg fyrir upplausnarástand og óstjórn í efnahagsmálum þessarar þjóðar.“ Úlfhildur tekur undir þetta með manni sínum en segir þó að það vanti meiri samstöðu og meiri áhuga á þessum málum hjá almennum félagsmönnum í sínu félagi. Hákon segist ekki kannast við þetta vandamál, t.d. hafi mæting á félagsfundi alltaf verið mjög góð hjá málmíðnaðarmönnum á Akureyri.

HH: „Mitt bakland er í alla staði frábært og hefur staðið þétt við bakið á mér í öll þessi ár. Fyrir það vil ég þakka mínum félagsmönnum alveg sérstaklega. Ég vona að nýr formaður FMA njóti sama stuðnings og ég hef fengið hjá minni öflugum bakvarðasveit.“

ÚR: „Þetta getur reyndar stafað af því að margir í mínu félagi t.d. unga fólkið ætla margt bara að vinna tímabundið við þessi störf, ætla ekki að hafa þetta að ævistarfi og hefur því ekki jafnmikla stéttarvitund eins og mér finnst vera í hans félagi. En ég má samt ekki gleyma að nefna þann góða kjarna sem sinnir félaginu af allhug og er ómetanlegt í starfinu hjá FVSA“, segir Úlfhildur og það er greinilegt að þau hjónin eru þakklát fyrir hve mörgu góðu fólki þau hafi kynnst vegna starfa í verkalýðshreyfingunni og allt það góða sem starfið hefur gefið þeim.

ÞAÐ VERÐUR AÐ JAFNA LÍFEYRISRÉTTINDI

Er það eitthvað sem þið viljið sjá breytast hjá ykkar stéttarfélögum áður en þið hættið?

ÚR: „Kannski ekki hjá stéttarfélögum beint, en mér finnst svo mikið óréttlæti eða mismunun í þessu landi sem heildarsamtök launafólks þurfa og að berjast gegn. Ég vil t.d. nefna launamun karla og kvenna og mun á launum landsbyggðar og höfuðborgar. Atvinnuleysi er hörmulegt og allt of mikið meðal félagsmanna FVSA. Þá er sú mismunun á kjörum lífeyrisþega eftir því hvort þeir hafa greitt í okkar almennu sjóði eða í opinberu sjóðina ólíðandi. Um þetta fer maður að hugsa þegar starfslokinn nálgast.



Ég vann hjá lífeyrissjóði í 24 ár og batt miklar vonir við þetta kerfi en tel sorglegt hve litlu það hefur skilað eftir allan þennan tíma. Það hefur ekki staðið undir væntingum, ítrekað hefur þurft að skerða réttindi, en opinberu sjóðirnir halda sínu óbreyttu með ríkisábyrgð. Þetta er mjög ósanngjarn. Við verðum að sameinast um eitt sjálfbært lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn“, segir Úlfhildur og það er greinilegt að henni eru lífeyrismálin hjartfólgin.

HH: „Það hefur verið gott að vera formaður Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri og eins og ég sagði áðan þá vona ég að eftirmaður minn erfi þann góða stuðning sem ég hef haft. Ég mun ekki hætta að sækja fundi hjá félaginu mínu og taka þátt í störfum þess þegar ég hætti stjórnarsetu. Þvert á mót verð ég tilbúinn ef félagsmenn vilja að ég sinni afmörkuðum verkefnum. Hvort ég gangi sáttur frá borði, þá er svarið auðvitað já. Einfaldlega vegna þess að þetta er mjög góð eining. Félagið stendur vel fjárhagslega og við gerum ekki minna fyrir okkar félagsmenn en stærri félögin gera fyrir sína. Við erum hér að veita nærþjónustu á heimavelli og það kunna félagsmenn FMA vel að meta. Í nýlegri skoðanakönnun sem Capacent –Gallup Akureyri gerði fyrir félagið kom í ljós að 80% félagsmanna eru sáttir eða mjög sáttir við félagið sitt eins og það er í dag og 18% hvorki né. Með þessa umsögn fyrir framan sig væri það mikið vanþakklæti að ganga ekki sáttur frá borði. Hitt er annað mál að verkalýðsfélögin þurfa að halda vöku sinni og þá sérstaklega félögin á landsbyggðinni. Það er stanslaust sótt að landsbyggðinni og við einfaldlega megum ekki við því að missa fleiri störf og meiri völd til Reykjavíkur, en það er því miður að gerast.“

Það er komin mun meiri þekking í raðir aðila vinnumarkaðarins. Hagfræðin er komin inn í þetta og menn farnir að nota þau verkfæri sem eru til staðar.

Frumkvæði ASÍ að þakka að framhaldsskólar voru opnaðir atvinnuleitendum



Síðasta haust hófu tæplega eitt þúsund atvinnuleitendur nám í skólum landsins eftir að hafa gert sérstaka námssamninga við Vinnuálastofnun. Jafnframt var öllum ungmennum að 25 ára aldri sem þess óskuðu tryggt námspláss í framhaldsskólum landsins. Átakið kallast *Nám er vinnandi vegur* og er afrakstur kjarasamninga á almennum vinnu- markaði sem gerðir voru 5. maí í fyrra. Í þeim lögðu aðilar vinnumarkaðarins mikla áherslu á þetta mál í viðræðum sínum við stjórnvöld. Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ hefur lengi unnið að mennta- og vinnu- markaðsmálum innan verkalyðshreyfingarinnar.

Hvers vegna lagði ASÍ mikla áherslu á að opna skólana fyrir þeim sem eru án vinnu? Halldór segir það skoðun Alþýðusambandsins að mikilvægt sé að fólk sem missir vinnuna hafi möguleika á að nýta þann tíma sem það er án vinnu með virkum og uppbyggilegum hætti. „Það að einstaklingar sækji sér frekari menntun og færni hentar einkar vel í þessum efnum. Þannig halda atvinnuleitendur virkni, þeir eru í miklum félagslegum tengslum um leið og þeir styrkja stöðu sína

á vinnu- markaði og í samfélaginu almennt. Þannig verða þessir einstaklingar betur búnir undir virka þátttöku á vinnu- markaði þegar atvinnulífíð réttir úr kútnum.“

ENGA TÝNDA KYNSLÓÐ Á ÍSLANDI, TAKK!

Það eru um 1900 manns undir 25 ára aldri á atvinnuleysisbótum í dag og sumir hafa verið það lengi. Þar til viðbótar er fjöldi ungmenna sem hvorki eru á vinnu- markaði eða í skóla. Er ekki brýnt að breyta þessu?

„Atvinnuleysi og langvarandi aðgerðarleysi er sérstaklega hættulegt ungu fólki. Þetta sýna allar rannsóknir og reynsla annarra þjóða sem hafa glímt við atvinnuleysi og skort á úrræðum fyrir ungmenni. Þannig er gjarnan vitnað til reynslu Finna í kreppunni sem dundi yfir á árunum upp úr 1990. Þar fóru heilu árgangar ungmenna á mis við menntun og möguleika á atvinnuþátttöku með hörmulegum afleiðingum. Þessi ungmenni eru gjarnan kölluð „týnda kynslóðin“ og þau hafa alla tíð síðan átt erfitt uppdráttar í finnsku samfélagi. Okkur ber að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir slíkt slys hér á landi. *Nám er vinnandi vegur* er mikilvægur liður í því“, segir Halldór Grönvold.

Námssamningarnir gerðu atvinnuleitendum kleift að stunda nám á bótum til síðustu áramóta. Hvernig hefur þessum hópi vegnað í náminu?

„Það er ánægjulegt að segja frá því að sá hópur atvinnuleitenda sem hefur tekið þátt í þessu átaki hefur almennt vegnað vel í sínu námi og brottfall verið lítið. Reyndar hefur þetta gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Stærstur hluti hópsins hefur haldið áfram námi nú eftir áramót og þá á námslánum eða með sérstökum stuðningi.“ Halldór segir menn nú vera að meta reynsluna af þessu átaki og að þegar hafi verið ákveðið að bjóða atvinnuleitendum að fylla upp í þau pláss sem hafa losnað, næsta haust.

Tölur sýna að þriðjungur vinnu- markaðarins eða 60 þúsund manns eru aðeins með grunn- skólaþróf. Varla er það viðunnandi?

„Að mínu mati er það eitt stærsta og mikilvægasta samfélagslega verkefnið sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir á allra næstu árum að breyta þessu. Það er ekki eftir neinu að bíða. Í þessum hópi er að finna mikinn vannýttan mannauð og verðmæti.

Að frumkvæði Alþýðusambandsins hefur verið sett það markmið að árið 2020 verði ekki fleiri en 10% fólks á vinnu- markaði án viðurkenndrar framhaldsskóla- eða starfsmenntunar. Til að ná þessu markmiði þarf tvennt að koma til.

Annars vegar verður að koma í veg fyrir að það verði stöðug endurnýjun í hópnum vegna mikils brottfalls úr menntakerfinu eins og nú er. Það kallar á endurskoðun og endurmat á menntakerfinu sjálfu, einkum á grunn- og framhaldsskólastigi. Breikka þarf námsframboð einkum í verk- og tæknigreinum í nánnum tengslum við atvinnulífíð. Jafnframt þarf að stórauka námsráðgjöf og hvatningu við nemendur. Samhliða er síðan mikilvægt að efla virðingu fyrir verk- og tæknimenntun í samfélaginu öllu.

Hins vegar þarf að auka og þróa möguleika og skapa skilyrði fyrir fólk sem komið er út á vinnu- markaðinn, til að sækja sér frekari menntun. Á síðustu árum hefur ýmislegt verið gert í þessum efnum. Þar má nefna starf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fjölmargra framhaldsfræðsluáðila við að þróa raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna og námsleiðir tengdar atvinnulífinu.

Hér er mikið verk að vinna og ég er sannfærður um að með samstilltu átaki getum við náð miklum árangri á skömmum tíma. Þessi úrlausnarefni eins og svo mörg önnur sýna hversu mikilvægt erindi verkalyðshreyfingin á við samfélagið í dag“, segir Halldór Grönvold.

Mímir-símenntun vinnur með atvinnulífinu

Ráðgjöf, þarfagreining, aðstoð við styrkumsóknir, skipulagning og framkvæmd náms í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir.

- Sérhæfing í námi fyrir starfsmenn með stutta formlega skólagöngu.
- Áhersla lögð á að námið sé hagnýtt og taki mið af þörfum atvinnulífs og nemenda.

Námsleiðir

Námsleiðir eru kenndar eftir námsskrám staðfestum af menntamálaráðuneytinu sem metnar eru til eininga á framhaldsskólastigi. Lengd þeirra er frá 60 upp í 600 kennslustundir. Dæmi um námsleiðir er nám fyrir starfsfólk sem vinnur við öryggisgæslu, aðhlyningu, jarðlagningar, verslun og flutninga.

Nánari upplýsingar
í síma 580 1800
og á www.mimir.is

Íslenskunám fyrir erlenda starfsmenn

Íslenska er kennd á fimm stigum auk þess sem boðið er upp á starfstengt íslenskunám þar sem lögð er áhersla á starfstengdan orðaforða.

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Vinnustaðir geta óskað eftir að náms- og starfsráðgjafar komi í heimsókn með kynningu og hvatningu til starfsmanna um hvernig er hægt að efla starfshæfni og finna námstækifæri við hæfi. Þjónustan er vinnustöðum að kostnaðarlausu.

Tungumál, menning, listir og tómstundir

Boðið er upp á kennslu í 17 tungumálum sem kennd eru í litlum hópum eða einkatímum. Einnig er boðið upp á námskeið sem tengjast menningu, listum og tómstundum. Hægt er að panta námskeið fyrir vinnustaði í síma 580 1800.



Stéttarfélög taka að sér fulla þjónustu við atvinnuleitendur



Í byrjun maí hefst tilraunaverkefni þar sem nokkur stéttarfélög taka að sér fulla þjónustu við atvinnuleitendur en markmiðið er að efla vinnumiðlun, ráðgjöf og aðra þjónustu við þá sem eru án vinnu. Verkefnið mun ná til um 25% atvinnuleitenda á landinu og stendur það í þrjú ár. Verkalýðshreyfingin sá um þessi mál þar til fyrir fimm árum að Vinnumálastofnun tók alfarið yfir atvinnuleysisþjónustuna. Þótt Efling sé ekki eitt þeirra félaga sem taka þátt í tilraunaverkefninu nú er vel fylgst með á þeim bænum enda skýrt hvert Efling vill stefna í þessu máli. Sigurros Kristinsdóttir er varaformaður Eflingar og hefur látið málið til sín taka á vettvangi miðstjórnar ASÍ.

Hvers vegna vilja stéttarfélögin taka aftur við þjónustu við atvinnuleitendur?

„Ástæðan er augljós. Hingað á skrifstofu Eflingar streymir fólk, vegna margvíslegra mála sem það er að glíma við. Launamál, mál vegna slysa og veikinda auk þess sem þúsundir leita til félagsins til að sinna

menntun sinni og tómstundum. Meðan félagið sinnti samkvæmt lögum málefnum atvinnuleitenda komu margir til félagsins að sækja rétt sinn og um leið voru mörg dæmi þess að hægt var að benda þeim á atvinnurekendur sem væru að leita að starfsfólki til vinnu. Þegar þetta hlutverk var tekið af félaginu, féll þessi mikilvægi þáttur út. Stéttarfélögin líta nú svo á að þeim beri að þjónusta félagsmenn sína hvort sem þeir eru í atvinnu eða ekki.“

Hefur Vinnumálastofnun ekki verið að standa sig í stykkinu?

„Ég tel að starfsfólk Vinnumálastofnunar hafi verið að gera sitt besta til að þjónusta atvinnuleitendur. En stofnunum á vegum ríkisins eru takmörk sett í svona þjónustu. Allt frá því að Vinnumálastofnun tók alfarið við þessu verkefni frá félögum í Reykjavík hefur hún verið í fjársvelti. Það hefur komið fram í könnunum Eflingar og Flóafélaganna hvað eftir annað að allt of stór hópur í atvinnuleit hefur ekki verið í neinum tengslum við Vinnumálastofnun. Þeir sem á annað borð hafa notið þjónustunnar hafa margir verið sáttir við hana. Við hjá stéttarfélögum teljum að þessi þjónusta sé betur komin hjá samtökum launafólks og atvinnurekenda sem eru í nánnum tengslum við atvinnulífið. Ríkisstofnanir eigi hins vegar að setja lagarammann, reglur og fjárhagsumgjörð um málaflokkinn“, segir Sigurros.

„Síðustu mánuði hafa fjölmörg mál atvinnuleitenda verið að lenda á borðum starfsmanna Eflingar, þar sem félagið þarf að verja rétt þeirra gagnvart Vinnumálastofnun og atvinnurekendum. Við sem stéttarfélag erum því með mörg mál í fanginu þó að við séum ekki aðilar að þjónustunni. Það sér það hver maður að þetta er ekki gott fyrirkomulag en segir ákveðna sögu. Um leið og eitthvað bjátar á hjá launamanninum, þá leitar hann eðlilega til stéttarfélagsins þar sem hann er vanur að fá góða þjónustu. Gallinn er

bara að félagið er ekki með lagalega stöðu lengur til að sinna þessu hlutverki.“

HVERNIG GETUR ÞAÐ VERIÐ NEIKVÆTT AÐ BÆTA ÞJÓNUSTU?

Nú hefur sú gagnrýni heyrst að þetta sé aðför að velferðarkerfinu, einkakonar einkavæðing?

„Þessu er fljótvarað. Efling-stéttarfélag var að sinna atvinnuleitendum frá stofnun atvinnuleysisstrygginganna 1956 og fram til 2007. Aldrei datt nokkrum manni í hug að kalla það einkavæðingu. Þarna var stéttarfélag að sinna félagsmönnum sínum í atvinnuleit. Þó að vinnumiðlunin, ráðgjöf, vinnumarkaðsúrræði og ýmiss konar þjónusta verði inni í þessu verkefni sé ég ekki einkavæðingu í því. Og hvernig fá menn það út að það sé aðför að velferðarkerfinu þegar þjónusta er bætt?“

Verður samstarf milli stéttarféлага og atvinnurekenda um vinnumiðlun?

„Ég tel að það komi vel til greina að stéttarfélögin og atvinnurekendur leiti í smíðju til fyrirtækja sem hafa mikla reynslu af ráðningu starfsmanna á vinnumarkaði. Það er bara til bóta að hafa breitt samstarf um vinnumiðlunina.“

Hafið þið fengið viðbrögð frá atvinnuleitendum sjálfum við þessari tilraun?

„Við þekkjum mjög vel sjónarmið atvinnuleitenda í þessu máli. Viðhorfskannanir okkar sýna að mjög margir félagsmenn stéttarfélaganna treysta félögum vel fyrir sínum málum og eru mjög margir ánægðir með þjónustu félaganna. Frá byrjun árs 2009 hefur Efling-stéttarfélag fengið til sín hundruð atvinnuleitenda til skrafs og ráðagerða. Málefni atvinnuleitenda eins og önnur mál launafólks snúast um gagnkvæm réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði og þess vegna eiga þau heima hjá okkur“, segir Sigurros Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar-stéttarfélags.



ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum dyggan stuðning



ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

Reykjavík

AS sjúkrahjálfun ehf.
Hraunbæ 115

Bakkavör Group hf.
Thorvaldsensstræti 6

Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23

Blikksmiðja Reykjavíkur
Súðarvogi 7

Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10

Eignamiðlunin Reykjavík og Mosfellsbæ
Síðumúla 21

Ernst & Young hf.
Borgartúni 30

Eyrið fjárfestingafélag ehf.
Skólavörðustíg 13

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga,
Suðurlandsbraut 22

Félag íslenskra hljómlistarmanna
Rauðagerði 27

Flugfreyjufélag Íslands
Borgartúni 22

Flúgger
Stórhöfða 44

Gjögur hf.
Kringlunni 7

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
Hringbraut 50

Heilsa ehf.
Bæjarflöt 1-3

Hrafnistuheimilin
Hafnarfirði og Reykjavík

Hugsmiðjan ehf.
Snorrabraut 56

Innnes ehf.
Fossaleyni 21

Ísleifur Jónsson ehf.
Draghálsi 14-16

Lagnalagerinn ehf.
Fosshálsi 27

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9

Loftstokkahreinsun.is
Garðhúsum 6

Merkismenn ehf.
Ármúla 36

Mjólkurfæðingafélag Íslands
Stórhöfða 31

Neytendasamtökin
Hverfisgötu 105

NM ehf.
Brautarholti 10

Nýi ökusólinn ehf.
Klettagörðum 11

Olíudreifing ehf.
Hólmaslóð 8

Penninn
Grensásvegi 11

Póstmannafélag Íslands
Grettisgötu 89

Rarik ehf.
Bildshöfða 9

Reykjavíkurborg

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14

SM kvótáþing ehf.
Skipholti 50d

Stál-Tech ehf.

Tunguhálsi 10

Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25

Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c

Viðskiptastofan
Ármúla 21

Kópavogur

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a

Pottagaldrar
Laufbrekku 18

Sólning Kópavogi hf.
Smiðjuvegi 68-70

Vaki fiskeldiskerfi hf.
Akralind 4

Garðabær

Framtak-Blossi ehf.
Vesturhrauni 1

Garðabær
Garðatorgi 7

Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1

Loftorka ehf.
Miðhrauni 10

Stálsmiðjan ehf.
Vesturhrauni 1

Wurth á Íslandi ehf.
Vesturhrauni 5

Hafnarfjörður

Byggingafélagið Sandfell ehf.
Reykjavíkurvegi 66

Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4

Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15

Héðinn Schindler lyftur hf.
Gjótuhrauni 4

Hlaðbær-Colas hf.
Gullhellu 1

Hópbílar hf.
Melabraut 18

Hvalur hf.
Reykjavíkurvegi 48

Mjólka ehf.
Eyrartöð 2a

Pappír hf.
Kaplahrauni 13

Promens Tempra ehf.
Íshellu 8

Rafrún ehf.
Gjótuhrauni 8

Spirall prentþjónusta ehf.
Stakkahrauni 1

Starfsmannafélag ISAL,
Straumsvík

Trésmiðjan okkar ehf.
Lyngbergi 19a

Vélsmiðja Guðmundar ehf.
Íshellu 10

Vörumerking ehf.
Bæjarhrauni 24

Reykjanesbær

Grímnes ehf.
Steinási 18

Happi hf.
Vatnsnesvegi 7

Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62

Marver ehf.
Stafholti

Sílfell ehf.
Skipastíg 13

Verkalýðsfélag Grindavíkur-
Víkurbraut 46

Sandgerði

Flugfiskur hf.
Holtsgötu 37

K & G ehf.
Hafnargötu 9

Sjávarmál ehf.
Ásabraut 10

Verk- og tölvuþjónustan ehf.
Holtsgötu 24

Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis
Tjarnargötu 8

Mosfellsbær

Íslenskur textíllönaður hf.
Völuteigi 6

Nonni litli ehf.
Þverholti 8

Akranes

Spölur ehf - Hvalfjarðargöng

Borgarnes

Loftorka í Borgarnesi ehf.
Engjaási 1

Stykkishólmur

Þórsnes ehf.
Reitavegi 14-16

Grundarfjörður

Ragnar og Ásgeir ehf.
Sólvöllum 7

Hellissandur

KG Fiskverkun ehf.
Melnesi 1

Sjávaríðjan Rifi hf.
Hafnargötu 8

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf.
Reykholm

Ísafjörður

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1

Hótel Ísafjörður hf.
Sílfurtorgi 2

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Hafnarstræti 9-13

Orkubú Vestfjarða hf.
Stakkanesi 1

Vélsmiðjan Þristur ehf.
Sindragötu 8

Hnífsdalur

Hraðfyrstihúsið - Gunnvör hf.
Hnífsdalsbrýggju

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður

Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 19

Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur

Hafnargötu 37

Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 3

Flateyri

Fiskvinnslan Kambur ehf.
Hafnarbakka

Suðureyri

Fiskvinnslan Íslandssaga hf.
Freyjugötu 2

Patreksfjörður

Oddi hf. fiskverkun
Eyrargötu 1

Tálknafjörður

Þórberg hf.
Strandgötu

Bíldudalur

GSG vörubílaakstur-trésmiði ehf.
Krúbbakka 4

Sauðárkrókur

Fisk - Seafood hf.
Háeyri 1

Íðensveinafélag Skagafjarðar
Sæmundargötu 7

Sjávarleður hf.
Borgarmýri 5

Siglu fjörður

Rammi hf.
Gránugötu 1-3

Ólafsfjörður

Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Brekkgötu 9

Akureyri

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Skipagötu 14

Höldur - Bílaleiga Akureyrar
Tryggvabraut 12

Orlofsbyggðin Illugastöðum
Fnrjóskadal

Samherji hf.
Glerárgötu 30

Sjómannafélag Eyjafjarðar,
Skipagötu 14

Sólskógar ehf.
Sómatúni 3

Þrif og ræstivörur ehf.
Frostagötu 4c

Grenivík

Frosti ehf.
Melgötu 2

Grímsey

Sigurbjörn ehf. útgerð
Öldutúni 4

Húsavík

Sorpsamlag Þingeyinga ehf.
Viðimóum 3

Mývatn

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6

Þórshöfn

Geir ehf.
Sunnuvegi 3

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Langanesvegi 18

Vopnafjörður

Sláturfélag Vopnfríðinga hf.
Hafnarbyggð 6

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
Einhleypingi 1

Þ.S. Verktakar ehf.

Miðási 8-10

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44

Neskaupstaður

Fjarðanet hf.
Strandgötu 1

Reyðarfjörður

Fél. opinberra starfsm. á Austurlandi
Stekkjárbrekku 8

Stjórnendafélag Austurlands
Austurvegi 20

Eskifjörður

Egersund Ísland ehf.
Hafnargötu 2

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59

Höfn í Hornafirði

Skinney - Þinganes hf.
Krosssey

Siglsmiðja Hornafjarðar ehf.
Álaugarvegi 2

Hella

Pakkhúsið Hellsu ehf.
Suðurlandsvegi 4

Selfoss

Fél. opinberra starfsm. Suðurlandi
Austurvegi 38

Flúðasveppir
Undirheimum

Orkugerðin ehf.
Heiðargerði 5

Veitingastaðurinn Menam
Eyravegi 8

Verslunarmannafél. Suðurlands
Austurvegi 56

Hveragerði

Garðyrkjustöð Ingibjargar
Heiðmörk 38

Þorlákshöfn

Eldhestar ehf.
Völlum

Fiskmark ehf.
Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6

Járnkarlinn ehf.
Unubakka 12

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1

Vestmannaeyjar

Drifandi stéttarfélag
Miðstræti 11

Frár ehf.
Hásteinsvegi 49

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28

Narfí ehf.
Eiði 12

Sjómannafélagið Jötunn
Skólavegi 21b

Vöruval ehf.
Vesturvegi 18



Dynamics™ NAV í áskrift



Hagkvæm og sveigjanleg lausn

Helstu kostir:

- Sveigjanleiki
- Þekktur kostnaður
- Engin kaup á miðlægum tölvubúnaði eða hugbúnaðarleyfum
- Kostur á breytilegum fjölda notenda í hverjum mánuði
- Lágmarks kostnaður við uppsetningu

Það sem fylgir:

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- Innkaupakerfi
- Birgðakerfi
- Markaðs- og sölukerfi
- Eignakerfi
- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
- Létt útgáfa af Wise greiningartóli

Microsoft Dynamics NAV í áskrift er hagkvæm og þægileg nýjung sem gefur kost á viðskiptalausnum í mánaðarlegri áskrift.

Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld. Innifalið er vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.

Síminn sér um vistun og afritun á gögnum í fullkomnu tækniumhverfi.

Maritech býður staðlaðar Microsoft Dynamics NAV lausnir auk fjölda sérlausna fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað.

Maritech tryggir þér samkeppnisforskot.

EINS OG KLETTUR Í YFIR 40 ÁR

Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreinasamband
8 aðildarféлага um allt land með 5.500 félagsmenn.

RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna
þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Sjúkrasjóður RSÍ styður dyggilega við félagsmenn
og fjölskyldur þeirra.

RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á
landinu, stórt tjald- og útivistarsvæði og íbúðir
í Kaupmannahöfn og á Spáni.

RSÍ býður upp á eftirmenntun í Rafiðnaðarskólanum.

RSÍ á einn öflugasta verkfallssjóð landsins.

Stöndum vörð um okkar rétt!

